

GJALDSKRÁ

fyrir yfirferð og samþykkt séruppdráttu vegna bygginga í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt séruppdráttu sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavíkurborg í umboði borgarstjórnar innheimta skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari

2. gr.

Gjaldskráin tekur til yfirferðar á eftirtöldum séruppdráttum:

Byggingaruppdráttum
Burðarvirkisuppdráttum
Lagnauppdráttum öðrum en raflagnauppdráttum

3. gr.

Vegna yfirferðar séruppdráttanna skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjöld reiknuð eftir formúlunni:

$$S_1 = 1,8 \text{ GV (brúttófermetrar)}^{0,43}$$

Þar sem:

S_1 er skoðunargjald í krónum

1,8 er jafnt og $26/(500)^{0,43} = \text{fasti}$

26 er tími í klst. sem það tekur að skoða meðalhús

500 er fjöldi fermetra í meðalhúsi

G er grunn gjald sem er heildarkostnaður við yfirferð séruppdráttu deilt með samantölum vinnustundum þeirra starfsmanna sem að verkinu vinna

V er vandastuðull verkefnis á bilinu 0,2 – 3,0

Brúttóflatarmál verkefnis er samkvæmt ÍST 50

Skipting skoðunargjalds milli tegunda séruppdráttu er þessi:

Byggingaruppdrættir	16%
Burðarvirkisuppdrættir	50%
Lagnauppdrættir	34%

4. gr.

Vegna fyrstu endurskoðunar á uppdráttum eftir leiðréttingu skal skoðunargjald greitt eftir formúlunni:

$$S_2 = S_1 \cdot 0,25 \cdot E_1 / U$$

Þar sem S_1 er upphaflegt skoðunargjald

0,25 er hlutfall af upphaflegu skoðunargjaldi

E_1 er fjöldi endurskoðaðra uppdráttu

U er upphaflegur fjöldi uppdráttu

Vegna annarrar endurskoðunar á uppdráttum eftir leiðréttingu skal greiða eftir formúlunni:

$$S_3 = S_1,0,15,E_2/U$$

5. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu skoðunargjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

7. gr.

Gjalddagi skoðunargjalda er fyrir útgáfu þess byggingarleyfis sem séruppdrættir byggja á.

8. gr.

Skoðunargjöld eru ekki endurgreidd falli byggingarleyfishafi frá notkun byggingarleyfis eða það fellur úr gildi.

9. gr.

Skoðunargjöld samkvæmt 3. grein skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert. Miða skal við grunn í desember 2006, grunntala 6571. Skoðunargjöld skal námunda í slétt hundrað króna samkvæmt almennum reiknireglum.

10. gr.

Innheimt skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna skoðunar og samþykka starfsmanna byggingarfulltrúa á séruppdráttum sbr. 2. grein.

11. gr.

Gjaldskrá þessi skal tekin til endurskoðunar fyrir árslok 2008.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkurborgar þann 21. desember 2006 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum samanber einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 21. desember 2006.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2007